DV

# Miðvikudagur 11. október

## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Frönskukennsla fyrir byrjendur (2). – Entrée Libre 15 mín. 2. Flöskugler. Riddervolad er auralaus bókasafnsfræðingur, sem á sér þá ósk heitasta að komast til Perú og skoða hin helgu hof Inkanna. 27 mín.
17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (14)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Kvikmyndahátíð 1989.**
20.45 **Nýja línan** Þýsk mynd um vetrartískuna á komandi vetri. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
21.20 **Síðan þú fórst. . .** (Since You Went away). Bandarísk bíómynd frá 1944. Leikstjóri John Cromwell. Aðalhlutverk Claudette Colbert, Jennifer Jones, Joseph Cotten og Shirley Temple. Myndin, sem er gerð eftir sögu Margaret Buell Wilder, segir frá fjölskyldu sem þarf að þreyja erfiða tíma meðan fjölskyldufaðirinn fer í stríðið. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Síðan þú fórst. . .framhald.**
0.10 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.30 **Ég giftist fyrirsætu.** I Married a Centerfold. Ungur verkfræðingur sér fagra fyrirsætu í sjónvarpsþætti og fellur þegar fyrir henni. Hann veðjar við vin sinn um að honum muni takast að fá hana á stefnumót með sér. Aðalhlutverk: Teri Copley, Timothy Daly og Diane Ladd.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Ævintýri á Kýþeríu.** Spennumyndaflokkur fyrir börn- og unglinga í sjö hlutum. Fjórði hluti.
18.15 **Þorparar.** Minder. Spennumyndaflokkur þar sem þeir félagar leysa hin ýmsu glæpamál. Aðalhlutverk: Dennis Waterman og George Cole.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Murphy Brown.** Aðalhlutverk: Candice Bergen, Pat Corley, Faith Ford, Charles Kimbrough, Robert Pastorelli, Joe Regalbuto og Grant Shaud.
21.00 **Heil og sæl.** Beint í hjartastað. Endurtekinn þáttur um hjarta- og æðasjúkdóma. Þessir sjúkdómar hafa fylgt manninum frá örófi alda. Í kjölfar tæknivæðingar og velmegunar nútímans dró úr nýgengi sjúkdómanna, en dánartíðni stóð í stað. Hjarta- og æðasjúkdómar eru taldir eiga sér nokkra orsakir, til dæmis hóglífi og streitu. Umsjón: Salvör Nordal. Handrit: Jón Óttar Ragnarsson.
21.35 **Hjartans mál.** Í beinu framhaldi af þættinum hér á undan og vegna 25 ára afmælis Hjartaverndar verður umræðuþáttur í sjónvarpssal undir stjórn Sigurveigar Jónsdóttur.
22.25 **Ógnir um óttubil.** Midnight Caller. Óvenjulegur spennuþáttur. Aðalhlutverk: Gary Cole, Wendy Kilbourne, Arthur Taxier og Dennis Dun.
23.15**Kvikan.** Þáttur um viðskipta- og efnahagsmál innanlands sem utan. Umsjón Sighvatur Blöndahl.
23.45 **Hausaveiðarar.** The Scalphunters. Þetta er alvöruvestri með fullt af hörkuáflogum, gríni og indíánum. Kúreki sem má muna sinn fífil fegri ferðast um með fyrrverandi þræl. Aðalhlutverk: Burt Lancaster, Shelley Winters, Telly Savalas og Ossie Davis. Leikstjóri: Sydney Pollack.
1.20 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Birgir Ásgeirsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.**
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Karl E. Pálsson á Siglufirði.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Þingfréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Úr söguskjóðunni** – Almenna bænaskráin og upphaf fríhöndlunar. Umsjón: Orri Vésteinsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá miðvikudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Margrét Pálsdóttir flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Kvennaþáttur. Konur, læknar, kvenlæknar. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (17).
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Högni Jónsson.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt um þróun mála í Austur-Evrópu.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
15.45 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Hvenær eru frímínútur í Mýrarhúsaskóla? Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Felix Mendelssohn.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Lítil saga um litla kisu eftir Loft Guðmundsson. Sigrún Björnsdóttir les (8).
20.15 **Nútímatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynnir.
21.00 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Fyrsti þáttur af átta endurtekinn frá mánudagsmorgni. Umsjón: Pétur Pétursson.
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Guðmunda Elíasdóttir og Guðmundur Guðjónsson syngja íslensk lög.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Aldahvörf** – Brot úr þjóðarsögu. Annar þáttur af fimm: Byggðaþróun. Handrit og dagskrárgerð: Jón Gunnar Grjetarsson. Höfundur texta: Lýður Björnsson. Lesarar: Knútur R. Magnússon og Margrét Gestsdóttir. Leiklestur: Arnar Jónsson, Jakob Þór Einarsson og Broddi Broddason.
23.10 **Nátthrafnaþing.** Málin rædd og reifuð. Umsjón: Ævar Kjartansson og Ólína Þorvarðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30
9.03 **Morgunsyrpa.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum. Milli mála. Árni Magnússon leikur nýju lögin.
15.03 **Stóra spurningin.** Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91 - 38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Fylgst með og sagðar fréttir af íþróttaviðburðum hér á landi og erlendis.
22.07 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Úrvali útvarpað aðfaranótt þriðjudags kl. 5.01.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson rekur feril trúbadúrsins Bob Dylan. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi á Rás 2.)
3.00 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á þjóðlegum nótum.** Þjóðlög og vísnasöngur frá öllum heimshornum.

## Rás 2 FM 90,1

Útvarp Norðurland kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## EFF EMM

7.00**Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Snorri Már Skúlason.**
1.00– 7 **Tómas Hilmar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **FÁ.**
18.00 **MS.**
20.00 **MR.**
22.00 **FB.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson.** Fréttatengdur morgunþáttur með fréttum af veðri, umferð og flugi ásamt tónlist.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Páll kemur víða við í tónlistinni og er með ýmsar uppákomur ásamt leiknum Vinir og vandamenn.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Rólegheit í hádeginni og brugðið á leiki eftir hádegi.
15.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson. Tónlist sem öllum langar til að heyra.
19.00 **Snjólfur Teitsson. Þægileg tónlist í klukkustund.**
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Íþróttadeildin kemur við sögu. Talmálsliðir og tónlist eru á sínum stað hjá **Dodda.**
22.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Undir fjögur augu nefnist þáttur Bjarna Dags. Verður hann á rólegu nótunum ásamt því að rabba um lífið og tilveruna.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþrótta- og félagslífi.

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.**Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Hey Dad.** Fræðslumyndaflokkur.
18.30 **Mr. Belvedere.** Gamanþáttur.
19.00 **Rich, Man, Poor Man,** Framhaldssería.
20.00 **Falcon Crest.** Framhaldsþáttur.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **The Little Colonel.**
15.00 **The Clown and the King.**
17.00 **Ransom.**
19.00 **The Color Purple.**
21.30 **Amityville 3.**
24.00 **F/X Murder by Illusion.**
00.45 **Never to Young to Die.**
03.00 **The Purple Rose of Cairo.**

## EUROSPORT

9.00 **Hestur ársins.** Hestasýning í Englandi.
10.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
11.00 Hjólreiðar. Mílanó –Torino.
12.00 Rugby. Ástralska deildin.
13.00 Tennis. Keppni í Stuttgart.
15.00 **Golf.** The German Masters, leikið í Stuttgart. Svipmyndir frá mótinu.
16.00 **Hestur ársins.** Hestasýning í Englandi.
17.00 **Hockey.** Lada bikarinn.
18.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
19.00 **Hestur ársins.** Hestasýning í Englandi.
20.00 **Golf.** World Matchplay.
21.00 **Knattspyrna.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar.
23.00 **Hurling.** Úrslitakeppni á Írlandi.

## SUPER CHANNEL

14.00 **Look Out Europe.**
14.30 **Vinsældalistatónlist.**
15.30 **The Global Chart.** Popptónlist.
17.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
18.30 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.
19.00 **The World Tonight.** Blandaður fréttaþáttur.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.10 **The World Tonight.** Blandaður fréttaþáttur.
23.10 **Fréttir, veður og popptónlist.**
23.20 **The Mix** Konsertar, myndbönd o.fl.
00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.

### Rás 1 kl. 23.10:

# Nátthrafnaþing

## – málefni líðandi stundar í brennidepli

Í vetur munu þau Ævar Kjartansson og Ólína Þorvarðardóttir kalla saman nátthrafnaþing um samfélagsmál á Rás 1. Á Nátthrafnaþingi munu málefni líðandi stundar verða rædd en einnig verður tekið á málum í víðara samhengi og ýmsar grundvallarspurningar bornar upp.

Það eru ekki bara stjórnmálamenn sem kvaddir verða á Nátthrafnaþing heldur einnig fræðimenn og embættismenn sem von er til að þekki til mála þeirra sem tekin verða fyrir og geti þannig hjálpað til við þinghaldið. Markmið þáttanna er að komast að því hver sé ábyrgur fyrir stöðu málsins sem tekið er fyrir og hvort því hafi verð mörkuð stefna og hvort sú stefna sé rétt, eða hvort æskilegt væri að breyta henni.



**Þættirnir um Jack Killian hafa notið mikilla vinsælda vestra og það sama virðist ætla að vera uppi á teningnum hér.**

### Stöð 2 kl. 22.25:

# Ógnir um óttubil

## – Jack Killian fer á stjá

Jack Killian sest í hljóðstofu um miðnæturleytið á hverju kvöldi og rabbar við hlustendur sína um glæpi fram eftir nóttu. Þeir hringja og það bregst ekki að í hverjum þætti kemur upp eitthvert mál sem Jack þarf að leysa. Hann er raunar fyrrverandi lögreglumaður sem myrti af slysni félaga sinn í skotbardaga og ákvað eftir það að hætta störfum hjá lögreglunni. En sú reynsla, sem Jack fékk í lögreglunni, hjálpar honum við þáttagerðina.

### Rás 1 kl. 13.00:

# Í dagsins önn

## – breytingar framundan

Þáttaröðin Í dagsins önn hefur verið á dagskrá rásar 1 að loknum hádegisfréttum undanfarin ár. Þættirnir fjalla meðal annars um fjölskyldu- og félagsmál. Í vetur verða þeir með örlítið breyttu sniði. Á mánudögum verða því gerð skil sem er að gerast í samfélaginu í þessum málaflokki, fylgst verður með fyrirlestrum, þingmálum, fjallað um skóla- og dagvistunarmál og ýmis mál sem koma upp í daglega lífinu. Á þriðjudögum kemur sams konar efni frá Akureyri, á miðvikudögum verður sérstakur kvennaþáttur, þar verður sjónarhorn kvenna látið ráða og tekið á málum eins og kvennafræði, atvinnumálum kvenna, eiginkonuhlutverkinu og ömmuhlutverkinu. Fjallað verður um róttæka rithöfunda og fræðimenn og margt fleira. Á fimmtudögum verður þátturinn af léttara taginu, þá verður blandað saman félags- og menningarmálum. Á föstudögum verður svo sagt frá ýmsu sem er að gerast um helgina og því sem framundan er næstu vikuna.